

Barn náttúrunnar

Yfirlitssýning
Eyjólfss J. Eyfells

Að vísu er undirritaður komin í sumarfrí og á förum af landi brott, auk þess sem hann hefur gert hlé á skrifum sínum varandi sýningar á Kjarvalsstöðum, þar til séð verður, hvort samningar takist um framtíðarskipan mála á þessum stað. En þegar um er að ræða yfirlitssýningu á verkum elsta starfandi málara þjóðarinnar, Eyjólfss J. Eyfells, manns sem engan hefur áreitt af starfsbræðrum sínum og hóglátur hefur gengið að starfi, ánægður með sinn hlut, er ekki nema réttlátt og sanngjarnt að gerð sé undantekning. Þar að auki var þessari sýningaraðstöðu fyrst og fremst komið upp til að verða vettvangur kynningar á einstökum þáttum í list myndlistarmanna jafnt og æviverki þeirra og því hlýtur þessi sýning framfar flestum að falla undir tilgang og stefnuskrá byggingarinnar.

Bókmenntir

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON


Eyjólfur Eyfells er ótvírætt náttúrubarn í list sinni, hann málur líkt og honum dettur í hug hverju sinni, öllum óháður. Óháður skólum og stefnum og lætur sig litlu skipta álit og skoðanir starfsbræðra sinna, og sem slíkur hefur hann skapað sér nokkra sérstöðu. Við getum líklega fyrir sumt skilgreint hann sem náttúralista, a.m.k. að því leyti að hann umskapar og stíliserar ekki náttúruna, heldur málur hlutina eins og hann sér þá. Frumleiki kemst því naumast að, þegar slík viðhorf eru í öndvegi og er helst að örli á slíku í elstu myndunum á sýningunni, sem eru um leið hreinar og gerskar í útfærslu svo sem nr. 124 og 125. Líkt og náttúran er margvísleg í smíð sinni, eru myndir Eyjólfss margvíslegar í útfærslu, og myndir hans geta bæði verið fastar sem lausar í formi, sumar eru klassískar í plastískum vinnubrögðum svo sem nr. 48, „Þjórsárdalur“, og 98, „Fell í Skagafirði“,

svo skipamyndir hans, sem jafnframt eru að mínu mati með því besta á sýningunni, einkum er myndin nr. 53, „Gullfoss“, tær og vel formuð mynd og máski besta mynd sýningarinnar og ætti heima á Listasafni Íslands, og sama mætti segja um áður nefndar myndir og nokkrar fleiri og kæmi styrkur og einkenni Eyjólfss sem málara þá betur til skila en nú er. Verður að harma það, að safnið skuli ekki hafa sýnt þessum málara meiri áhuga um dagana. Sér á báti eru myndirnar „Þórsmörk, Útgönguhöfði“ (3) og „Nautahúsagil“ (4), og máski kemst Eyjólfur sjaldan nær safaríkri náttúrunni en í þessum grænu og sérstæðu myndum, þótt myndirnar séu ekki áberandi náttúralistískar.

Eyjólfur hefur látið vel að mála hinar smærri myndir og þær hafði ég séð bestar af hans hálfu fyrir þessa sýningu, og það eru margar og fjölbreytilegar slíkar myndir á sýningunni, og sérstaka athygli mána vöktu í fljótu bragði myndir líkt og nr. 40, „Landréttir“, 42, „Úr Þjórsárdal“, nr. 90, „Þingvellir“, sem er mjög sérkennilega máluð mynd og svo loks nr. 97, „Þjórsárdalur“. Allar þessar myndir eru málaðar með fólkskvalausri natni og einlægni, sem hrifur.

Myndirnar, sem Eyjólfur gerði á Spáni og vafalaust eru af nýrri gerð, eru lifandi, léttar og artistískar og er mjög áhugavert að fylgjast með því, hve ferskur þessi maður er í andanum á gamals aldri, og ein er sú mynd máluð á sl. ári, sem mér varð starsýnt á fyrir ferskleika sakir, en það er nr. 34, „Þórsmörk“. Þegar maður sér þessar myndir, liggur við, að maður óski þess, að listamaðurinn hefði komist fyrir á þennan aldur!

Ég þekki ekki æviverk Eyjólfss Eyfells það vel, að ég sé fær um að dæma um það, hve glögga mynd sýningin gefi af honum sem listamanni um ævina, en ég veit, að myndir hans eru mjög dreifðar um land allt auk margra erlendis. Sýningarskráin gefur aftur á móti þær upplýsingar, að undirbúningi hafi að sumu leyti verið ábótavant, t.d. vantar öll ártöl í skrána,



sem er mjög bagalegt, þar sem listamaðurinn ártar sjáðnast myndir sínar með ártölum. Þetta gerir skoðendum erfitt fyrir, ef þeir vilja fylgja þróuninni, sem nær næstum yfir 7 áratugi. Slík móstök mega ekki kona fyrir.

Eyjólfur J. Eyfells er spiritisti og telur sig muna glefsur úr fyrri jarðvist. Hann telur sig m.a. hafa stigið það skref til þroska að hafa að fullu og öllu skilið við hinn leiða löst mannkynsins ágrindina. Eg veit ekki, hvað til

er í þessu, en a.m.k. bera myndirnar á sýningunni þess vott, að höfundur þeirra er algjörlega laus við hroka og ágrind. Og sem slíkar eru þær opnar og ljúfar í viðkynningu.

Bragi Ásgerisson.

Lög um almannarétt verði endurskoðuð

NÁTTÚRUVERNÐARÞING 1975 fjallaði allmikið um endurskoðun á lögum um náttúruvernd, um náttúruverndarmíðstöðvar og umhverfisfræðslu. Og fara ályktanir um þetta efni hér á eftir:

Náttúruverndarþing 1975 felur Náttúruverndarráði að beita sér fyrir endurskoðun gildandi lög-gjafar um náttúruvernd með tilliti til æskilegra breytinga og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Náttúruverndarþing.

Þá telur Náttúruverndarþing, að tryggja þurfi með einhverjum hætti betri tengsl en nú er við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og heilbrigðisnefndir í byggðarlögum, þar eð verkefni þeirra og náttúruverndaraðila skarast í mörgum tilvikum.

Náttúruverndarþing 1975 felur Náttúruverndarráði að leita eftir viðurðum við Búnaðarfélag Íslands og Stéttasamband bænda um endurskoðun á lagaákvæðum sem í gildi eru um rétt manna til umferðar, dvalar og landgæðanýtingar á annarra landi, með hlið-

sjón af venjum, sem gilt hafa frá fornu fari um þau efni.

Vísast í því sambandi til ályktunar Búnaðarþings 1975 um sama efni.

UM NÁTTÚRUVERNÐAR-MÍÐSTÖÐVAR SEGIR:

Náttúruverndarþing ályktar að stefnt verði að því að koma á fót miðstöðvum fyrir náttúruvernd hið fyrsta, í þeim landshlutum, sem fjarst liggja höfuðstöðvum Náttúruverndarráðs.

Eðlilegt er að þær verði tengdar náttúrugripasöfnum þar sem þau eru fyrir eða rísa á næstunni innan landshlutans, sbr. tillögur stjórnskipaðrar nefndar um það efni.

Hlutverk miðstöðvanna yrði m.a. að annast hvers konar upplýsingasöfnun á sviði náttúruverndar, að vinna skipulega að náttúruverndarkönnun og skráningu náttúruminja í landshlutunum og aðstoða við gerð landnýtingarskipulags.

Náttúruverndarþing felur Náttúruverndarráði að fylgja því fast eftir að skólafyrirvöld hraði undirbúningi að frekari umhverfisfræðslu í grunnskólum, og að upp verði tekin hið fyrsta kennsla í vistfræði í framhaldsskólum landsins og hinum ýmsu sérskólum.

Um gróðurvernd, landgræðslu og rannsóknir í þágu þess var samþykkt:

Náttúruverndarþing fagnar því, að hafið er samstarf með nokkrum rannsóknastofnunum í náttúru- og landbúnaðarfræðum um rannsóknir í þágu landgræðslustarfsins. Þingið telur ástæðu til að vara við eyðingu kjarr- og kvistlendis, þar sem hætta er á upplæstri, en telur vel farið að ekki skuli uppi áætlanir um meiri háttar áburðardreifingu á hálendi. Þingið ályttur að stefna skuli að því að nota í ríkara mæli en verið hefur plöntur af Íslenskum stofni til landgræðslu.

Athugasemd við fréttabréf úr Stykkishólmi

Í MORGUNBLAÐINU 13. þ.m. er alllangt fréttabréf úr Stykkishólmi, ritað að ég hygg af vini mínum Arna Helgasyni, síma- og póstmeystara þar.

Bréfi þessu er efnislega skipt í 10 kafla. Er í níu þeirra fjallað um ýmis málefni þeirra Hólmara, en í þeim tíunda lyftir andinn sér yfir fjallgarðinn og nemur staðar af föðurlegri umhyggju hér hjá okkur sunnan fjalls.

Að álitu bréfitara eru prestar hér í sveitum of margir og verkefnalítlir, og nú á tímum erfiðleika ríkissjóðs sé þeim fjármunum sem til þeirra renna illa varið.

Ekki skal ég um þetta dæma, en tel þó að bréfitari hefði átt að líta sér nær, ef hann meinar eitthvað með tali sínu um sparnað og hagkvæmni í meðferð opinberra starfsmanna. Þess vegna verða prestar oft af nauðsyn að leita tekna utan síns embættis, ekki hvað síst með kennslustörfum, og hafa þannig einnig oft leyst úr mikilli þörf og vanda hinna ýmsu staða. Ættum við hér, og raunar Snæfellingar allir, að minnst fórnfúsra menningarstarfa margra okkar ágætu leiðtoga í prestastétt fyrir og síðar.

Þá vona ég, að áhyggjur bréfitarans um framtíð Staðastaðar sem prestsseturs séu ástæðu-

lausar. Þörf okkar í hinum dreifðu byggðum fyrir menntamenn og leiðtoga er jafnvel brýnni nú til dags en áður, þrátt fyrir breyttar aðstæður á ýmsum sviðum. Þetta eiga þeir e.t.v. erfitt með að skilja sem miða alla hluti við höfðatölu þéttbýlis.

Hugleiðingar bréfitarans um eyði Staðastaðar í vetur eru heldur ekki raunhæfar með öllu.

Hið sanna er, að kona sóknarprestis okkar tók á s.l. hausti að sér skólastjórn í öðru héraði. Á heimili sínu, Staðastað, hafa þau hjón eigi að síður dvalið öllum þeim stundum sem þau máttu ásamt fjölskyldu sinni, og þjónaði sóknarpresturinn söfnuðum sínum og kirkjum á venjulegan máta.

Hitt er svo annað mál, að eðlilegra væri að starfskraftar þessara ágætu hjóna, m.a. til kennslustarfa, væru nýttir í þeirra heimabyggð. Til þess hygg ég þau áreiðanlega reiðubúin.

Að endingu vona ég að bréfitari „fréttabréfs úr Stykkishólmi“ kynni sér alla málavöxtu betur, áður en hann skrifar annað fréttabréf um þessi málefni.

Formaður sóknarnefndar
Staðastaðarsóknar,
Þórður Gíslason,
Ölkeldu II í júním. '75.

Allir eru að tala um



Það nýjasta frá Jane Hellen
sem er dedorant og cologne í senn

ISLENZK-
Ameriska ^H/_F Tunguhálsi 7 sími 82700.